



Til bæjarráðs,

Kópavogi, 20. október 2023
23061093/001.02 GEF

Efni: Nónsmári 1-7 og 9-15. Niðurstaða úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála í máli nr. 71/2023.

Hinn 18. október 2023 kvað úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála upp úrskurð í máli nr.71/2023.

Málið varðaði ákvörðun bæjarstjórnar Kópavogs um að hafna tillögu að breytingu á deiliskipulagi Nónhæðar vegna Nónsmára 1-7 og 9-15.

Líkt og áður hefur verið rakið var fyrri ákvörðun bæjarráðs, dags. 21. júlí 2022 felld úr gildi með úrskurði úrskurðarnefndarinnar nr. 92/2022, dags. 20. janúar 2023. Hin kærða ákvörðun sem hér um ræðir felur í sér höfnun á efnislega samhljóða tillögu að breyttu deiliskipulagi.

Úrskurðarnefndin komst að þeirri niðurstöðu að formleg málsmeðferð hinnar kærðu ákvörðunar hafi verið lögum samkvæmt. Eftir að fyrri ákvörðun var felld úr gildi hafi erindið verið tekið fyrir að nýju í skipulagsráði þar sem fjallað var um tillöguna og tekin afstaða til innsendra athugasemda. Þá voru lögð fyrir umsögn skipulagsdeildar ásamt greinargerð bæjarlögmanns. Í kjölfarið hafi höfnun skipulagsráðs verið rökstudd með bókun ráðsins þar um. Þá benti úrskurðarnefndin einnig á að ákvæði 7. mgr. 12. gr. skipulagslága um innbyrðis samræmi skipulagsáætlana gerði það að verkum að deiliskipulag mætti ekki kveða á um heimildir umfram þær sem settar eru fram í aðalskipulagi. Hins vegar þurfi ekki að fullnýta heimildir aðalskipulags í deiliskipulagi nema um bindandi skilmála sé um að ræða. Leit nefndin ekki svo á að tilgreindur íbúðafjöldi í Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 væri bindandi.

Að lokum taldi úrskurðarnefndin það málefnalegt að líta til samráðs við málsmeðferð fyrri breytinga svo og innsendra athugasemda á auglýsingatíma tillögunnar, enda sé það eitt af markmiðum skipulagslaga að tryggja samráð við almenning og gefa honum tækifæri til að hafa áhrif á ákvörðun stjórnvalda við gerð skipulagsáætlana.

Með hliðsjón af framangreindu hafnaði úrskurðarnefndin kröfu kæranda um að fella hina kærðu ákvörðun úr gildi.

Virðingarfyllt,

Guðrún Edda Finnbogadóttir
Lögfræðingur



Κόπavo

